

Starfsgreinaráð	Heilbrigðis, félag og uppeldisgreina	
Starfsheiti	Sjúkraliði	Löggilt heilbrigðisstarfsfólk
Dagsetning	22. október 2020	
Útgáfunúmer	1.0	

Starfalyising:

Sjúkraliði starfar í heilbrigðisþjónustu; á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum, öðrum heilbrigðisstofnunum og heimilum skjólstæðinga. Sjúkraliði sinnir nærhjúkrun (e. Bedside nursing) og metur m.a. andlegt, félagslegt og líkamlegt ástand skjólstæðinga í samráði og samstarfi við heilbrigðisstarfsfólk sem og annað fagfólk. Sjúkraliði hefur forvarnir, heilsuvernd, heilsueflingu, faglega þekkingu og samstarf að leiðarljósi í störfum sínum. Starf sjúkraliða er fjölbreytt; þeir veita skjólstæðingum sínum viðeigandi aðstoð, allt frá stuðningi og hvatningu til athafna daglegs lífs sem og sérhæfðrar hjúkrunar á mikið veikum skjólstæðingum. Sjúkraliði er virkur þátttakandi í þverfaglegu teymi um hjúkrun, meðferð og fræðslu. Sjúkraliði er löggiltur heilbrigðisstarfsmaður og ber ábyrgð á störfum sínum sem slíkur.

Hæfnikröfur:

Býr yfir almennri og sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til þess að vinna hjúkrunar- og umönnunarstörf á faglegan hátt.

Hefur sérhæfða þekkingu á tækjabúnaði sem notaður er í hjúkrunarþjónustu ásamt grunnþekkingu á hjálpartækjum og eiginleikum velferðartækninnar.

Er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og forgangsraða verkefnum með þarfir skjólstæðinga að leiðarljósi.

Hefur færni til að rökstyðja þá hjúkrunarmeðferð sem hann framfylgir hverju sinni.

Metur ástand skjólstæðinga í samvinnu við aðrar fagstéttir og skráir matið samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum á hverjum tíma.

Er meðvitaður um mikilvægi þjónustulundar og hefur tileinkað sér fagtengdar siðareglur og gætir trúnaðar í hvívetna.

Sýnir siðferðisvitund, fagmennsku og gætir þagmælsku tengt starfi sínu í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Miðlar þekkingu til skjólstæðinga, aðstandenda, samstarfsmanna og nema.

Hefur færni í notkun upplýsingatækni tengt störfum sjúkraliða. Hefur m.a. þekkingu á varðveislu upplýsinga, upplýsingaleit og skráningakerfum sem notast er við í störfum sjúkraliða.

Þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi.

Býr yfir samskiptafærni til að geta átt farsæl samskipti við skjólstæðinga með ólíkar þarfir, tekur þátt í þverfaglegu samstarfi á vinnustað og hefur færni til að takast á við erfið samskipti í starfi.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir mikilvægi öryggisvarna, helstu orsakir vinnuslysa og þær reglur sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.

Þekkir og vinnur eftir öryggisferlum á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.